

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79
23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 516/
1986, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

AUGLÝSING

um sameiningu Helgustaðahrepps í Suður-Múlasýslu við Eskifjarðarkaupstað í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Helgustaðahrepp í Suður-Múlasýslu og Eskifjarðarkaupstað í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Eskifjarðarkaupstaður.
2. Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað.
3. Íbúar Helgustaðahrepps og Eskifjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Helgustaðahrepps skulu afhendast Eskifjarðarkaupstað til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Eskifjarðarkaupstað í kosningum þeim sem fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.